




Skipulags og matslýsing

Stækkun sorpförgunarsvæðis norðan Kópaskers

Breyting á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030

2. maí 2013

Staðsetning og heiti skipulagssvæðis á aðalskipulagi:



S1 Sorpförgunarsvæðið, norðan við Kópasker.

Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar

Unnið er að deiliskipulagi fyrir urðunarstað í landi Snartarstaða II, norðan við Kópasker, vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn en starfsleyfi fyrir meðhöndlun á allt að 500 tonnum á ári af neyslu- og rekstrarúrgangi rann út 9.12.2012.

Viðfangsefni og markmið

Meginviðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að afmarka sorpförgunarsvæði í landi Snartarstaða II norðan við Kópasker og stækka það úr 2,6 ha í um 28 ha í samræmi við deiliskipulagstillögu. Samkvæmt tillögunni verður hluti svæðisins notaður til urðunar, hluti fyrir byggingar og athafnasvæði og hluta svæðisins er óráðstafað. Vestarlega á svæðinu er skotæfingasvæði, merkt O12 á aðalskipulagsupprætti. Umhverfis svæðið er landbúnaðarland.

Í deiliskipulagstillögunni er stefna aðalskipulagsins útfærð en markmiðið er að er að nýta svæðið áfram til að urða úrgang frá dreifbýli Norðurlands, fyrrum Öxarfjarðarhreppi, Kelduneshreppi og Raufarhafnarhreppi. Að öðrum kosti þyrfti að flytja úrganginn nokkur hundruð kílómetra til næsta urðunarstaðar sem getur þjónustað svæðið. Gert er ráð fyrir nýtingu á svæðinu til næstu 30 ára, eða til ársins 2043.

Umhverfi og staðhættir

Sorpförgunarsvæðið, S1, er um 1,5 km norðan við Kópasker, samsíða þjóðvegi nr. 85, á röskuðu svæði þar sem gamli flugvöllurinn fyrir Kópasker var áður. Flugvöllurinn var aflagður fyrir um 30 árum. Svæðið er í um 20 m hæð yfir sjó á sléttum og að mestu gróðurvana melum. Fjarlægð frá sorpförgunarsvæðinu að næsta íbúðarhúsi er um 1900 m. Það eru íbúðarhúsin að Snartarstöðum II og Klifurgata 14, Kópaskeri. Um 130 m eru frá svæðinu að þjóðvegi nr. 85, Norðausturvegi, og er aðkoma að svæðinu frá honum. Innan sorpförgunarsvæðisins er skotæfingasvæði.

Helstu forsendur í gildandi aðalskipulagi

Í Aðalskipulagi Norðurlings 2010-2030 er gert ráð fyrir sorpförgun á 2,6 ha svæði (sorpförgunarsvæði S1) og að það svæði geti nýst út skipulagstímabilið. Samkvæmt deiliskipulagstillögu sem unnið er að fyrir Sorpsamlag Þingeyinga er gert ráð fyrir áframhaldandi móttöku og förgun á almennum úrgangi á svæðinu og að umfang urðunar á hverju ári verði áfram það sama, eða allt að 500 tonn. Tillagan gerir hins vegar ráð fyrir því að urðunarsvæðið stækki úr 2,6 ha í 9,6 ha og að auki er í deiliskipulagstillögu afmarkað um 18 ha svæði utan um urðunarsvæðið. Þar er gert ráð fyrir byggingum og athafnasvæði, auk þess sem svigrúm er gefið til að stækka urðunarsvæði síðar ef þörf verður á. Þessi heildarafmörkun svæðisins er í samræmi við það svæði sem afmarkað var sem athafnasvæði urðunarstaðarins í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda (MÁU) frá 1998. Þá sagði í úrskurðarorðum Skipulagsstofnunar fyrir umhverfismatið: "Athafnasvæðið verður um 32 ha og mun skiptast upp í gámasvæði, urðunarsvæði fyrir neysluúrgang, urðunarsvæði fyrir lífrænan úrgang og geymslu fyrir brotajárn. Urðun mun fara fram í flugbrautinni sem er um 1100 m að lengd og um 60 m breið, alls um 6 ha."

Þegar aðalskipulagið var samþykkt 2010 var sorpförgunarsvæðið merkt inn með punkttákni á skipulagsupphrátt en í greinargerð kom fram að svæðið væri 2,6 ha. Líklega var þar einungis um að ræða svæði sem þá var búið að urða í, en ekki heildar athafnasvæði urðunarstaðarins eins og því var lýst skv. MÁU. Nú er þetta leiðrétt með því að stækka heildarsvæði sorpförgunar upp í 29 ha.

Almenn stefna aðalskipulagsins um sorpförgunarsvæði er að urðunarsvæði verði áfram staðsett innan sveitarfélagsins þar sem þau eru nú og er breytingin í samræmi við þá stefnu.

Tengsl við aðrar áætlanir

Skipulagsverkefnið er ekki talið varða aðrar áætlanir en deiliskipulag sem unnið er fyrir urðunarstaðinn. Skipulags og matslýsing fyrir deiliskipulagið var kynnt á vef Norðurlings í desember 2012.

Skipulags og matslýsing fyrir aðalskipulagstillögu verður kynnt í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlana og óskað eftir athugasemdum við hana. Aðalskipulagstillagan verður auglýst skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Stefnt er að því að aðalskipulagstillagan verður auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagsbreytingu.

Umhverfismat

Þar sem áætlað er að urða minna en 500 tonn af úrgangi á ári á urðunarstaðnum er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1. Tillagan er hins vegar tilkynningarskyld skv. tölulið 11. b. í 2. viðauka laganna. Í deiliskipulagstillögu, sem lögð er fram samhliða þessari breytingu á aðalskipulagi, er gert ráð fyrir því að urðunarsvæðið innan sorpförgunarsvæðisins verði stækkað úr 6 ha sem voru til umfjöllunar í umhverfismati frá árinu 1998, í 9,6 ha. Viðbótin nefnist í deiliskipulagstillögunni svæði 2 og er utan flugbrautar. Áður en farið er að urða þar þarf að gera um það tilkynningu til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar hvort að stækkunin er háð umhverfismati framkvæmda en það væri þá gert á grunni samþykks deili- og aðalskipulags.

Svæði 1 sem er 6 ha urðunarsvæði á aflagðri flugbraut innan sorpförgunarsvæðisins er í samræmi við matið frá 1998 og fyrirbyggjandi matsskýrslu: „Urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker – Mat á umhverfisáhrifum“ sem unnin var fyrir Öxarfjarðarhrepp af Benedikt Björgvinssyni. Í deiliskipulagstillögu sem nú er í vinnslu, er fyrirhugað að stækka urðunarsvæðið út fyrir flugbraut á svæði 2 sem ekki var tekið fyrir í umhverfismatinu. Ástæðan fyrir því er að ná að spara flugbrautina sjálfa og nýta betur svæðið utan við hana t.d. til að geta urðað á flugbrautinni á veturna þegar frost er í jörðu en utan hennar á sumrin og fram á haust.

Skipulagsverkefnið er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í breytingunni felast framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Lagt verður mat á eftirtalda umhverfisþætti sem áður voru til umfjöllunar í umhverfismati aðalskipulags Norðurlings: samfélag, land, loft, vatn, vistkerfi, minjar og landslag, byggðamynstur og lýðheilsa. Þar var stefna aðalskipulagsins um sorpförgunarsvæði í heild talin geta haft almennt jákvæð áhrif á samfélag, vistkerfi og lýðheilsu en staðbundin neikvæð áhrif á land, vatn og gróður. Ekki er búið við að þessi

aðalskipulagsbreyting breyti þeirri niðurstöðu. Vísað er í deiliskipulagstillögu um frekari umfjöllun, þar stefna aðalskipulagsins er útfærð nánar.

Skipulagsferlið

Eftirfarandi eru drög að ferli verkefnisins. Reikna má með að ferlið taki um 6 mánuði frá því að skipulags- og matslýsing er send Skipulagsstofnun.

A. KYNNING LÝSINGAR

- Skipulags- og matslýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Umsagnarfrestur er 2 vikur. Lýsingin er samtímis auglýst á vef Norðurljósa þar sem hún verður aðgengileg í 2 vikur. Ábendingar og athugasemdir skulu berast innan þess frests. Skipulags- og bygginganefnd mun hafa hliðsjón af ábendingum og umsögnum sem henni berast en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

B. KYNNING AÐALSKIPULAGSTILLÖGU

- Tillagan, sem verður til sýnis á skrifstofu Norðurljósa á Kópaskeri, Raufarhöfn og Húsavík, verður auglýst með áberandi hætti og send umsagnaraðilum til umsagnar og óskað eftir umsögn innan 2 vikna.

C. ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

- Tillaga að breytingu ásamt tillögu að viðbrögðum við umsögnum er afgreidd í skipulags- og bygginganefnd og sveitarstjórn og síðan send Skipulagsstofnun til athugunar sem hefur 4 vikur til umsagnar.
- Ef Skipulagsstofnun gerir athugasemdir er tillagan tekin fyrir að nýju í skipulagsnefnd og sveitarstjórn og hún lagfærð eftir því sem tilefni er til.

D. AUGLÝSING TILLÖGU

- Tillagan er auglýst í Lögbirtingablaði, á netinu og með öðrum áberandi hætti. Kynningartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur frá upphafi kynningar.

E. AFGREIÐSLA TILLÖGU

- Að afloknum athugasemdafresti er tillagan tekin til umfjöllunar í skipulags- og bygginganefnd og síðan sveitarstjórn. Afstaða er tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir er send sem þeim sem þær gerðu. Niðurstaða sveitarstjórnar er auglýst.
- Samþykkt tillaga er send Skipulagsstofnun innan 12 vikna frá lokum athugasemdafrests.
- Skipulagsstofnun staðfestir tillögu innan 4 vikna frá því að tillagan berst og birtir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.

